

2. Frumvarp

til laga um fiskiræktarfelög.

(Lagt fyrir Alþingi 1929).

1. gr.

Heimilt er mönnum þeim, er veiðirjett hafa í sama fiskihverfi, að gera með sjer sjelagsskap um fiskirækt á þann hátt, sem lög þessi mæla fyrir.

Fiskirækt er hverskonar aðgerðir, sem ætla má að skapi eða auki fiskimagn vatna, svo sem klak, innflutningur fiskiseiða, friðun á fiski, eyðing sels og annars veiðivargs.

Fiskihverfi er vatn það eða vötn, straumvötn, stöðuvötn eða hvort-tveggja, sem sami fiskistofn byggir og fer um fram og aftur, eða ætla má að fiskur byggi og fari um fram og aftur, þá er ræktadur hefir verið.

2. gr.

Nú vilja menn stofna fiskiræktarfelag við fiskihverfi, sem veiði er í,

og skal þá kveðja til fundar eigendur allra þeirra jarða, þar sem veiði er stundud eða hefir stundud verið í því fiskihverfi, nema veiðirjettur sje með öllu skilinn frá landareign, og skal þá boða eiganda eða eigendur veiðirjettar. Ekki er þó skylt að boða þá til fundar, sem veiðirjett eiga í almenningum stöðuvatna, samkvæmt 126. gr. vatnalaga, nr. 15 frá 20. júní 1923, en skylt er að gera þeim kost á þáttöku þá er fjelag hefir stofnað verið.

Þegar stofna á fiskiræktarfelag við fiskihverfi, sem áður er veiðilaust, skal boða til fundar alla þá, sem lönd eiga að fiskihverfinu.

Nú á fjelag land að fiskihverfi eða veiðirjett í því, og skal þá boða formann fjelags.

Til fundar skal boða skriflega og eigi síðar en 3 dögum fyrir fundardag.

3. gr.

Nú hefir verið boðað til fundar samkvæmt 2. gr., og skal á fundinum ræða stofnun fjelagsins og verkefni og bóka fundargerð.

Á fundinum hata þeir einir atkvæðirjett, sem boða skal samkvæmt 2. gr. Fela má öðrum umboð til þess að fara með atkvæðisrjett sinn á fundinum, enda sje umboðið skriflegt og þess getið í fundabók.

Ef allir þeir, sem kvaddir eru til fundarins samkvæmt 2. gr., samþykkja fjelagsstofnunina, má stofna fjelagið þegar, án frekari undirbúnings.

Nú verður fjelagið ekki stofnað á þessum fundi, og skal þá fundurinn kjósa nefnd, er búi málið undir annan tund. Skal nefndin semja frumvarp til samþykta fyrir fjelagið samkvæmt 8. gr., gera áætlun um kostnað þann, sem líklegt er að starfsemi þess hafi í för með sjer, leita álits kunnáttumanna um það, sem þurfa þykir, og að öðru leyti afla þeirra gagna, sem fundurinn óskar eftir, eða nauðsynleg þykja.

4. gr.

Nú hefir nefndin lokið störfum, og skal hún þá kveðja til fundar á ný samkvæmt 2. gr.

Á fundinum skal nefndin leggja fram öll þau gögn, er hún hefir aflað. Skal þá enn ræða stofnun fjelagsins og taka ákvörðun um bana. Ef $\frac{2}{3}$ þeirra manna, sem kvaddir eru til fundar samkvæmt 2. gr., eða umboðsmenn þeirra, samþykkja fjelagsstofnunina, skal öllum hinum skylt að gerast fjelagar.

Um atkvæðisrjett og atkvæðagreiddslu fer eftir 3. gr. laga þessara.

5. gr.

Nú mæta ekki á fundi $\frac{2}{3}$ þeirra manna, sem boðaðir eru, nje umboðsmenn þeirra. Skal þá undirbúningsnefnd enn boða til fundar á hæfilegum fresti. Ef $\frac{2}{3}$ þeirra manna, sem mæta á þeim fundi eða senda þangað umboðsmenn, samþykkja stofnun fjelagsins, skal öllum öðrum, sem boðaðir hafa verið samkvæmt 2. gr., skylt að gerast fjelagar.

6. gr.

Stofnfundur eða annar lögmætur fjelagsfundur getur úrskurðað, að leiguliði skuli gerast fjelagi í stað landsdrottins, 1) ef leiguliði óskar þess og

landsdrottinn samþykkir, 2) ef fyrirjáanlegt er, að landsdrottinn geti ekki tekið þátt í fjelagsskapnum nje notið starfsemi hans og 3) ef jörð, sem land á að fiskisvæði fjelagsins, er í byggingu með þeim kjörum, að landsdrottinn telur sjer ekki skylt að taka þátt í fjelagsskapnum. Afl atkvæða ræður úrskurði, en ekki skulu málsaðiljar eiga atkvæði um úrskurðinn.

Skyllt er landsdrottni, þá er leiguliði fer frá jörð, að greiða eftir mati þá veiðiaukningu, sem þá er orðin á jörðinni og þakka má starfsemi fjelagsins.

7. gr.

Heimilt er að taka í fjelag aðra menn en þá, sem taldir eru í 2. og 6. gr., ef lögmætur fjelagsfundur samþykkir, en ekki skulu þeir hafa atkvæðisrjett í fjelaginu, nema þeim sjeu ákveðin iðgjöld í gjaldskrá fjelagsins.

8. gr.

Nú er stofnun fjelags löglega ákveðin, og skal þá gera samþykkt fyrir fjelagið þegar á stofnfundi eða öðrum fundi boduðum á sama hátt. Um samþykktina ræður afl atkvæða.

Í samþykkt fjelags skulu vera ákvæði um:

1. Nafn fjelags, heimilisfang og varnarþing.
2. Verkefni fjelags og fjelagssvæði.
3. Skipun og starfssvið fjelagsstjórnar.
4. Fundarhöld.
5. Reikninga fjelags og endurskoðun.
6. Hvernig fara skuli um greiðslur kostnaðar þess, sem leiðir af starfsemi fjelagsins.
7. Sektir fyrir brot á samþykkt fjelags.
8. Hvernig samþykkt fjelags verði breytt.
9. Hvernig fara skuli um fjelagsslit.

9. gr.

Kostnaði þeim, sem starfssemi fjelagsins hefir í för með sjer, skal jafna niður eltir áætludu veiðimagni jarða þeirra, sem taka þátt í fjelagsskapnum. Samkvæmt þeirri meginreglu skal semja skrá, er sýni hundradshluta þann af kostnaði (stofnkostnaði og árskostnaði), sem hver fjelagsmaður á að greiða. Skrá þessa skal semja með hliðsjón af veiðiskýrslum undanfarinna ára, ef til eru, en annars eftir áætlun, og skal hún gilda um 5 ár, nema $\frac{2}{3}$ fjelagsmanna samþykki að breyta henni eða ráðherra skipi svo fyrir.

Gjaldskrá skal lögmætur fjelagsfundur samþykkja. Um hana ræður afl atkvæða.

10. gr.

Samþykkt, ásamt kostnaðaráætlun og gjaldskrá, skal fjelagsstjórnin senda ráðherra til staðfestingar. — Ef samþykkt og gjaldskrá þykja þannig úr garði gerðar, að þær verði ekki staðlestar, sendir ráðherra þær aftur til fjelagsstjórnarinnar með athugasemdum um það, er ábótavant þykir. Ella staðfestir hann samþykkt og gjaldskrá, svo og er það hefir lagað verið, sem óbótavant þótti.

Aldrei má samþykkt brjóta í bág við gildandi lög nje almennar grundvallarreglur laga. Með samþykkt verður eigi breytt sjerákvæðum laga um friðun á laxi, nr. 5, 19. febr. 1886.

11. gr.

Nú verða eigendaskifti á jörð, sem er á sjelagssvæði, og er þá hinum nýja eiganda skylt að gerast sjelagi. Þegar ábúendaskifti verða á jörð, þar sem leiguliði er sjelagsmaður í stað landsdrottins, getur lögmætur sjelagsfundur úrskurðað, að hinn nýi ábúandi gerist sjelagi samkvæmt 6. gr.

Nú er veiði hafin fyrir landi jarðar, sem liggur að fiskihverfi, er fiskiræktarsjelag starfar við, en utan sjelagssvæðis, og er þá eiganda hennar eða ábúanda (sbr. 6. gr.) skylt að gerast sjelagi.

12. gr.

Nú þykir æskilegt, að sjelag nái til fleiri en eins fiskihverfis, og er það heimilt, ef $\frac{2}{3}$ af eigendum þeirra jarða, þar sem veiði er stunduð í hverju fiskihverfi fyrir sig, samþykkja sjelagsstofnunina. Að öðru leyti fer um stofnun sjelagsins eins og sagt er í lögum þessum.

Nú þykir æskilegt, að tvö sjelög eða fleiri sameinist í eitt, og er það heimilt, ef $\frac{2}{3}$ sjelagsmanna í hverju sjelagi samþykkja, enda mæli vatnaliffræðingur með því. Skal þá stofna eitt sjelag, er nái yfir svæði beggja sjelaganna eða allra, og fer um stofnun þess eins og lög þessi mæla fyrir.

13. gr.

Gjöld sjelagsmanna, sem ákveðin eru samkvæmt staðfestri gjaldskrá, má taka lögtaki.

14. gr.

Í samþykkt sjelags má ákveða, að brot á samþykkt varði alt að 200 króna sekt, er renni í sjelagssjóð.

Mál út af brotum á lögum þessum eða samþykkt sjelags skulu sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk nefndar, sem stjórnir Búnaðarsjelags og Fiskisjelags Íslands skipuðu sumarið 1927, til þess að annast rannsóknir á veiðivötnum og leiðheiningar um fiskirækt, og er það samið af ráðunaut nefndarinnar Palma Hannessyni.

Ástæður frumvarpsins eru þessar:

Allar þær rannsóknir, sem gerðar hafa verið á ósöltum vötnum hjer á landi, benda á það, að vötnin geti framfleytt miklu stærri fiskistofni en nú er í

þeim. Þetta er og síst að mndra, því að nm margar aldir hefir veiði verið stund-
uð hjer af hinum mesta ránskap og hvorki vægt hrygnandi fiski nje ungvíði.

Reynsla erlendra þjóða sýnir og skýrt, að með klaki, friðun og skyn-
samlegum veiðiaðferðum má auka fiskimagn vatna og veiði til stórra muna. —
Meðal graunþjóða vorra hefir læxfiskum og öðrum vatnafiskum verið klakið út
um 60—70 ára skeið, og þykir hafa orðið að því mikill árangur. Vjer Íslending-
ar erum því eftirbátar annara þjóða um það, að hagnýta auða fi vatna vorra.

Á síðustu árum hefir vaknað mikill áhugi á fiskirækt víða um land. —
Klakstöðvar hafa verið reistar á ýmsum stöðum, en flestar eru þær af vanefnum
gerðar, og margar þeirra illa settar og óhaganlega. Klakið hefir víðast verið haft
í hjáverkum og stundað miklu miður en æsklegt er. Árangurinn hefir því víðast
orðið lítt eða enginn, og á mörgum þessara stöðva hefir klak lagst niður með
öllu eftir 1 eða 2 ár. Ástæður þessa eru einkum tvær: Í fyrsta lagi hafa þær
leiðbeiningar um þessi mál, sem menn hafa átt kost á, verið ófullnægjandi. Í
öðru lagi hefir skort samtök. Flestallar klakstöðvarnar hafa verið reistar og
reknar á kostnað einstakra manna. Útbúnaður og umhirða hefir því orðið síður
en skyldi.

Víða hefir verið reynt að koma á samtökum um klak og aðra fiskirækt,
en óvíða tekist eða hvergi. Ekki svo mjög af því, að menn hafi verið áhuga-
lausir um fiskiræktina, heldur af hinu, að undirstöðu samtaka og fjelagsskapar
hefir skort.

Nú hefir Búnaðarfjelag og Fiskifjelag Íslands tekist á hendur að veita
leiðbeiningar um alt, sem að fiskirækt lýtur, og gera nauðsynlegar rannsóknir á
vötnum. En með frumvarpi þessu þykir stefnt að hinu, að skæpa undirstöðu
undir samtök og fjelagsskap um fiskiræktina.

Fiskirækt er í eðli sínu fjelagsmál, sem tekur til allra þeirra, sem veiði-
lönd eiga að þeim vötnum, er hún starfar við, og er því að eins örugg, að engir
skerist úr leik. Aftur eru allmikil líkindi þess, að ýmsir menn, sem hlut eiga að
máli, vilji ekki bindast í fiskiræktarfjelag, annaðhvort til þess að komast hjá
kostnaði þeim, sem starfsemi fjelagsins hefir í för með sjer, eða vegna þess, að
þeir sjái sjer stundarhag í því, að hlita ekki samþykktum fjelagsins. Af þessum á-
stæðum hefir þótt nauðsynlegt að tryggja það, að ef ákveðinn meiri hluti manna,
sem lönd eiga að vötnunum, vilji stölna fiskiræktarfjelög, þá sje hinum skylt að
gerast fjelagar.

Frumvarp þetta er sniðið eftir XI. kafla vatnalaga, nr. 15, 20. júní 1923,
sem lítur að vatnafjelögum.

Fiskiræktarfjelögin eru náskyld fjelögum þeim, sem þar eru talin. Hefir
því þótt rétt, að láta þau hlíta þeim meginreglum, sem þar eru lögfestar. Ekki
þótti fært, að fella fiskiræktarfjelögin inn í þennan kafla vatnalaganna, því að
nauðsynlegt þótti að kveða skýrar á um sum atriði en þar er gert, svo sem fje-
lagssvæði og gjöld fjelagsmanna. Aftur er niðurfelt ýmislegt, sem ekki þótti
máli skifta.

Frumvarp, sem var mjög samhljóða þessu var lagt fyrir síðasta Alþingi
(sbr. þskj. 295). Var það afgreitt frá Nd. með nokkrum breytingum (sbr. þskj.

473, 502, 529 og 551), en með því að þá var skamt eftir þing tímans, varð það ekki útrætt í Ed.

Nú hefir höfundur frumvarpsins, Pálmi Hannesson, yfirfarið það ræki-lega og breytt því lítið eitt. Fara flestar breytingarnar í sömu átt og breytingar Nd. Höfuðbreytingu Alþingis hefir höfundurinn ekki getað fallist á og telur hana næsta varhugaverða. Hún er sú, að fiskiræktarfelögin megi ekki gera ráðstafanir til þess að friða fisk nje útrýma sel. Telur hann að með þessari breytingu nái frumvarpið ekki tilgangi sínum, þó að það verði að lögum. Í fyrsta lagi sje þannig háttað um mörg vötn, að hið eina, sem rjett sje að gera til fiskiræktar, sje það, að friða vatnið fyrir ofmikilli veiði.

Það virðist sanngjarn, að það sjelag, sem stefnir að því að auka veiði með klaki eða öðru, ráði nokkru um það, að fiskurinn sje ekki stráðrepinn óðar en hann fæðist upp.

Í flestum vötnum er veiði stunduð mest þegar fiskurinn er að brygna. Þessi veiði er hættuleg fiskistofninum og því virðist nauðsynlegt að fiskiræktarfelagið geti ráðið því, að veiðin sje ekki stunduð þannig að tjón verði að á honum. Það er alkunna, að selur er einn hinn versti veiðivargur. Spillir hann veiðarfærum og fælir fiskinn. Virðist því ekki ósanngjarn, að fiskiræktarfelög legðu sitt til að útrýma honum og ófriðuðu hann hvarvetna, þar sem hann er ekki lögfríðaður, sem sje í friðlýstum selalátrum.

Vera má, að sumir kynnu að iíta svo á, að í frumvarpinu væri til þess ætlast, að fiskiræktarfelögin gætu ákveðið friðun og veiðibann gagnstætt gildandi lögum um friðun á laxi og gert samþykktir nm, að útrýma sel í friðlýstum látrnm. En í 10. gr. frumvarpsins er skýrt tekið fram, að samþykkt sjelags megi aldrei brjóta í bága við gildandi lög og að með samþykkt sjelags verði eigi breytt sjerákvæðum laga um friðun á laxi. Ætti það að nægja til þess, að taka af öll tvímæli í þessu efni.

Í umræðum Alþingis um nefnt frumvarp kom í ljós, að ýmsir þingmanna voru í efa um það, hvað átt væri við með orðinu fiskihverfi í frumvarpinu. 1. gr. gefur fulla skilgreining á orði þessu. Það er alt það svæði vatna, sem fiskur getur farið um fram og aftur og sami fiskistofn byggir, til dæmis höfuðá og allar þverár hennar frá ósi og svo langt upp, sem fiskur gengur eða getur gengið, þ. e. alt að npptökum, ef fossar ekki hindra fiskinn eða grynningar. Fiskihverfi er og stöðuvatn ásamt afrenslu og aðrenslum, svo langt sem fiskur getur gengið. Það hefir þótt rjett, að allir þeir, sem lönd eiga að því vatnasviði, sem fiskur af sama stofni fer um, sjeu í sama fiskiræktarfelagi, því að þeir veiða allir af þeim fiskistofni, sem ræktaður er.